

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300301/bs

### Flutningsæð frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar. Umsögn.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegna minnkandi afkasta orkuvinnslusvæðis Hellisheiðarvirkjunar ráðgerir ON að tengja háhitasvæðið í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun. Þó hægt sé að bora fleiri vinnsluholur á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar til að afla gufu og leysa málið til skemmri tíma litið þá fengist ekki meiri gufa þar til lengri tíma.

Fyrirhugað er að reisa skiljustöð og dæluhús rétt austan við borteig B3 við Hverahlíð.

Byggingarnar verða samtals um 500 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Lagðir verða samanlagt um 800 m af safnæðum frá borholum á borteigum B3 og B4 að skiljustöð. Frá skiljustöð verða lagðar tvær flutningsæðar, gufulögn og skiljuvatnslögn að Hellisheiðarvirkjun. Lögnin verður lögð á yfirborði að undanskildum tveimur köflum annars vegar í stökk gegnum hrygg sunnan eldri Suðurlandsvegur og hins vegar í stökk undir núverandi Suðurlandsveg á þeim stað þar sem Vegagerðin ráðgerir að gera ný gatnamót. Frá Suðurlandsvegi munu lagnirnar fylgja Gígahnúksvegi inn á iðnaðarsvæði Hellisheiðarvirkjunar fyrir norðan Gígahnúk. Vegalengdin frá skiljustöð við Hverahlíð að borteig 7 er um 3,5 km. Þar skiljast lagnaleiðir og mun skiljuvatnslögn liggja að Skiljustöð 2 við Hellisheiðarvirkjun en gufulögn að Skiljustöð 2 við Sleggju.

Lagnir og vegslóðar munu liggja um óröskuð svæði á samtals um 1,5 km kafla. Áætlað er að við framkvæmdina verði raskað um 3,7 ha svæði sunnan Suðurlandsvegur og 1,4 ha norðan vegar.

Helstu áhrif framkvæmdarinnar eru talin verða neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir.

Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða helst þar sem lagnirnar liggja meðfram

Gígahnúksvegi. Fram kemur í greinargerð að þess verði gætt að á þessum kafla verði efri brún lagnar ekki hærri en vegflái þannig að sýnileiki lagnanna verður minni. Að líkindum verða helstu sjónræn áhrif vegna mannvirkja við Hverahlíð. Þess er þó að gæta að þessi mannvirki eru umtalsvert minni en þau sem til álita komu við mat á umhverfisáhrifum

Hverahlíðarvirkjunar.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir mun alls verða raskað rúmlega 5 ha af hrauni. Stærri óraskaðir

hraunflákar eru sunnan Suðurlandsvegar innan iðnaðarlóðar Hverahlíðarvirkjunar. Á lagnaleiðinni norðan vegarins verður lögnin lögð frá Gígahnúksvegi og mun stærð vegsvæðis stækka sem nemur breidd lagnanna.

**Mótvægisáðgerðir:**

Eins og fram kemur á bls. 3 í fyrirspurn ON eru framkvæmdir við háhitavirkjanir háðar meiri óvissu en tíðkast um t.d. vatnsaflsvirkjanir og því hafa orðið ýmsar breytingar á virkjanaframkvæmdum á Hellisheiði frá því sem talið var í fyrstu. Því telur Umhverfisstofnun að framkvæmdaaðili ætti að leitast við að skoða framkvæmdir í eins stóru samhengi og kostur er. Þetta gæti m.a. falist í að leggja áherslu á að fjarlægja mannvirki ef í ljós kemur að ekki verði af nýtingu þeirra til að draga úr sjónrænum áhrifum nýframkvæmda. Þetta gæti t.d. átt við borteig B5 sem nýttur verður sem haugsvæði við fyrirhugaðar framkvæmdir, en verður að líkindum ekki nýttur frekar að þeim loknum.


**Niðurstaða:**


Að undanskilinni lagnaleið meðfram Gígahnúksvegi er fyrirhuguð framkvæmd öll innan iðnaðarlóða Hellisheiðarvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar. Farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum beggja virkjana.

Í tilkynningarskýrslu er gerð grein fyrir þeim breytingum sem framkvæmdir á Hellisheiði hafa tekið og ástæðum þess að ráðist er í umrædda framkvæmd. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun óheppilegt að umrædd framkvæmd sé ekki skoðuð í stærra samhengi en hér er gert. Ef að líkum lætur lýkur framkvæmdum vegna orkuöflunar fyrir Hellisheiðarvirkjun ekki með þeirri framkvæmd sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaaðili setji fram og fjalli um nokkra kosti sem fela í sér mismunandi sviðsmyndir m.t.t. mögulegrar nýtingar á svæðinu í heild sinni. Með slíkri umfjöllun væri ef til vill unnt að ná betur utan um framkvæmdir eins og háhitavirkjanir sem hafa sýnt sig að vera í raun ferli framkvæmda sem geta tekið sífelldum breytingum í ljósi nýrrar þekkingar á viðkomandi háhitasvæðum.

Umhverfisstofnun telur að sú viðbót við Hellisheiðarvirkjun ein og sér sem hér um ræðir, geti ekki talist hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur hins vegar að framkvæmdaaðili ætti að leitast við að draga eins og kostur er úr umfangi mannvirkjagerðar á Hellisheiði með því að fjarlægja mannvirki þegar ljóst verður að ekki verður af frekari nýtingu þeirra.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymistjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur